Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. Vöruheiti vöru - notkun - innflytjandi/framleiðandi

Vöruheiti: **Q8 Ryðvarnarolía LBA Ravel D**
Vörunúmer: **7503 4152920**

Notkunarsvið: Ryðvarnarolía

Framleiðandi: **Kuwait Petroleum (Danmark) A/S**
Banevænget 13, DK 3460 Birkerød

Söluaðili: **N1**
Dalvegur 10-14
201 Kópavogur
Sími: 440 1000
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222.
Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

Áhrif á fólk: Efnið telst varasamt fólki, skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Varnaðarmerking:





H10	Eldfimt
H51/53	Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H65	Hættulegt: getur valdið lugnaskaða við inntöku
H66	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Áhrif á umhverfi: Efnið telst hættulegt lífríki í vatni, skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Sjá einnig 12. lið.

3. Samsetning - upplýsingar um innihaldsefni

Innihaldsefni:	EB-nr.	CAS-nr.	Styrkur %	H.-setn. nr.	Hættuflokkun
Mínerölsk terpentína	265-185-4	64742-82-1	60-70	Xn, N	H10,H51/53,H65, H66,H67
Hreinsuð jarðefnaolía og vax			um 15	-	-

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.
Sjá flokkun efnisins í 2. og 15. lið, og H- og V- setningar í 15. lið.

4. Skyndihjálp

Almennt: Öryggisblað skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf.
Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita til læknis. Sýnið öryggisblaðið.
Sé sá slasaði meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis.
Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

Inntaka: Gefið hinum slasaða nægt vatn að drekka. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Framkallið **ekki** uppköst. Leitið strax læknis.

Innöndun: Tryggið ferskt loft. Veitið öndunaraðstoð, andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki.
Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.

Snerting við húð: Þvoið vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó,
og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis ef erting myndast.

Snerting við augu: Skolið **strax** varlega með miklu vatni í minnst 10 mínútur. og haldið augum vel opnum.
Leitið strax læknis. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun.

5. Bruni - slökkviaðgerðir

Almenn viðbrögð: Fjarlægið umbúðir af eldstað ef mögulegt er, kælið annars með vatnsúða
Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.
Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

Slökkvibúnaður: Slökkviduft, froða, eða koldíoxíð. Sprautið ekki vatni beint á eld.

Sérstakar hættur: Nokkur íkveikjuhætta af hitagjöfum eða eldi.

Sérstakur hlífðarbúnaður: Notið öndunarbúnað við slökkvistörf í lokuðum rýmum.

6. Efnaleki

Öryggisráðstafanir: Rýmið svæðið. Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Tryggið góða loftræstingu. Fjarlægið íkveikjuvalda
Forðist snertingu við húð og innöndun gufu við hreinsun.

Ráðstafanir v. umhverfis: Nota má vatn til spúla efnaleifum frá eldi, hita- eða neistagjöfum.
Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Hreinsunaraðferðir: Sjúgið eða skrapið efnið upp.
Notið óbrennanleg ísogsefni t.d. sand, virkan leir, eða kísilgúr til að hreinsa efnið upp.
Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

7. Meðhöndlun og geymsla

Meðhöndlun: Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun efna. Tryggið góða loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar og forðist snertingu við húð og augu.
Forðist innöndun gufu. Notið ekki mengaðan fatnað.

Geymsla: Geymið í upphaflegum umbúðum, vel luktum, við herbergishita á þurrum, vel loftræstum stað.
Geymist þar sem börn ná ekki til. Varist stöðurafmagn. Æskilegt geymsluhitastig 5-25° C.

8. Takmörkun váhrifa - persónuhlífar

Almennar ráðstafanir: Tryggið fullnægjandi loftræstingu.
Neytið einskis né reykið við notkun efnisins.

Öndunarfæri: Forðist innöndun gufu með góðri loftræstingu og vinnuvenjum.
Mælt er með mengunarmörkum 350 mg/m^3.(Kuwait Petroleum). Haldið styrk gufu og hættu á snertingu eins lágum og unnt er, með fullnægjandi loftræstingu og góðum vinnuvenjum.

Hendur: Notið hanska úr nítrílgúmmí. Skiptið oft um hanska. Gætið að hreinlæti og góðum vinnuvenjum.

Augu: Notið andlitshlíf eða hlífðargleraugu, sé hætta á slettum.

Umhverfi: Neytið einskis meðan á notkun efnisins stendur. Hreinsið húð svo fljótt sem auðið er.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Eðlisástand:	Olíukenndur vökvi	
Lykt:	Einkennandi fyrir jarðefnaolíu.	
Litur:	Dökkbrúnn, tær	
Sýrustig (pH):	7	
Suðusvið:	>150°C	
Bræðslumark:	<-54°C	
Blossamark:	48°C	
Sjálftendrun::	210°C	
Sprengimörk neðri:	0,60%	í lofti
Sprengimörk efri:	8,00%	í lofti
Gufuþrýstingur:	0,6	kPa
Seigja:	4,0	mm^2/s
Eðlismassi:	0,83	
Vatnsleysni:	óleysanlegt	
Deilistuðull n-oktanól/vatn:	ekki þekktur	

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Stöðugleiki: Stöðugt við venjulegar aðstæður.
Aðstæður sem ber að varast: Forðist háan hita, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.
Efni sem ber að varast: Sterk oxunarefni.
Hættuleg niðurbrotsefni: Niðurbrot við háan hita eða bruna getur myndað kolefnisoxíð, auk ertandi gufu.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Innöndun: Gufa er ekki talin erta öndunarveg eða lungu. Við mikinn styrk getur gufa ísogast um lungu og valdið svima, andnauðartilfinningu og höfuðverk.

Inntaka: Inntaka er ekki talin hættuleg heilsu.
Inntaka getur valdið lungnabólgueinkennum, þar sem efnið getur komist í öndunarveg og lungu.

Snerting við húð: Ertir húð.

Snerting við augu: Ertir augu lítillega.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

Hreyfanleiki/dreifing: Efnið má ekki berast í niðurföll, jarðvatn eða jarðveg.
Dreifanleiki lítill. Viss innihaldsefni geta seytlað í jarðveg og mengað grunnvatn.
Dreifist á vatnsyfirborði. Lítill hluti innihaldsefna getur myndað þeytur í vatni.

Þrávirkni og niðurbrot: Ekki þekkt.

Hugsanleg uppsöfnun í lífverum: Varan er talin eitruð vatrnalífverum.

13. Förgun

Vara: Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum.
Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku.

Umbúðir: Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft.

Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem :
12 01 07 Halógenlausar skerolíur úr jarðefnum (ekki þeytur eða lausnir)

14. Flutningar

	UN (SÞ)- nr.	Flokkur	Efnisheiti	Pökkunarflokkur	Varúðarmerking	Sjávar- mengandi?
Sjóflutningar: IMDG	1993	3	FLAMMABLE LIQUID N.O.S.	III		
Flugfrakt: ICAO/IATA	1993	3	FLAMMABLE LIQUID N.O.S.	III		
Vegaflutn.: ADR-reglur	1993	3	FLAMMABLE LIQUID N.O.S.	III		

15. Lög, reglugerðir og merkingar

Varnaðarmerkingar eru samkvæmt reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingum frá framleiðanda.
Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir. (REACH).

Varnaðarmerki: **Xn, N**





Hættusetningar:

H10	Eldfimt
H51/53	Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H65	Hættulegt: getur valdið lugnaskaða við inntöku
H66	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

Varnaðarsetningar:

V23	Varist innöndun lofttegundar/reyks/gufu/úða (framleiðandi gefur upp hvað á við hverju sinni)
V24	Varist snertingu við húð
V43	Notið froðu (koldíoxíð) við slökkvistarf. Notið ekki vatn.
V57	Notið viðeigandi umbúnað/umbúðir til að forðast mengun umhverfisins
V60	Efni og umbúðum skal fargað sem spilliefnum
V62	Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust læknis og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði:

H10	Eldfimt
H51/53	Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H65	Hættulegt: getur valdið lugnaskaða við inntöku
H66	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

Útgáfa: 1.
Dags: 14.03.2011

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***Q8 OILS LEVERANDØRSBRUGSANVISNING Q8 Ravel D***
Útgáfudags: *13.08.2008*
Kemur í stað, dags: *02.05.2006*